

# Húsakönnun Sauðárkróks

SUÐURGATA

Eyrún Sævarsdóttir
Sólborg Una Pálsdóttir

# Efnisyfirlit

Inngangur ..... 3
1 Söguágrip ..... 4
1.1 1871-1907 ..... 4
1.2 1907-1947 ..... 7
1.3 Tímabilið eftir 1947 ..... 10
1.4 Suðurgata og syðsti hluti Skógargötu ..... 14
1.5 Horfnar byggingar ..... 17
2 Húsin í Suðurgötu ..... 20
2.1 Byggingarefni ..... 20
2.2 Aldursdreifing ..... 20
2.3 Húsagerðir ..... 22
2.3.1 Dönsk-íslensk gerð ..... 22
2.3.2 Lágris-gerð ..... 23
2.3.3 Önnur timburhús ..... 24
2.4 Steinsteypt hús ..... 25
2.4.1 Einföld steinsteypuhús ..... 25
2.4.2 Funkjónalismi ..... 26
2.5 Varðveislugildi og verndarflokkar ..... 29
2.6 Hönnuðir ..... 32
3 Heimildir ..... 35
3.1 Útgefið efni ..... 35
3.2 Óútgefið efni ..... 36
4 Húsaskráning samkvæmt skráningarformi Minjastofnunar Íslands ..... 37

# Myndaskrá

Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afmörkun skráningarsvæðis. Afmörkun svæðis ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. SUP, 2019 ........ 3
Mynd 2. Þróun fjölda íbúa á Sauðárkróki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands. ........ 5
Mynd 3. Sauðárkrókur um 1893. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. ........ 6
Mynd 4. Sauðárkrókur um 1907. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. ........ 7
Mynd 5. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1907 til 1947. Tölur frá Hagstofu Íslands. ........ 8
Mynd 6. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. ........ 9
Mynd 7. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga ........ 10
Mynd 8. Sauðárkrókur 1950-1960. Horft yfir Flæðarnar. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga. . 11
Mynd 9. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1947 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands. ........ 11
Mynd 10. Íbúafjöldi í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróki 1911 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands. ........ 12
Mynd 11. Hverfi á Sauðárkróki. Kort Solveig Olga Sigurðardóttir, 2018. ........ 13
Mynd 12. Uppdráttur Guðmundar læknis af Sauðárkróki 1916. ........ 14
Mynd 13. Hluti af herforingjakorti frá 1920. Suðurgata og syðsti hluti Skógargötu og Aðalgötu. ........ 15
Mynd 14. Nyrsti hluti Suðurgötu 1907 (t.v.) og 1911-1912 (t.h.). Ljósmyndir úr safni HSk. Grindverk afmarkar lóð við Læknisbústaðinn sem stendur við Sauðá. ........ 15
Mynd 15. Suðurhluti uppdrátts Jón Víðis af Sauðárkróki 1934. ........ 16
Mynd 16. Suðurgatan liggur sunnan við kirkjuna og að Safnahúsi. Horft til suðurs. Ljósmynd Sigfús Ingi Sigfússon, 2017. ........ 17
Mynd 17. Sauðárkrókur 1930-1934. Horft norður eftir Suðurgötunni. Myndin tekin á svipuðum tíma og uppdráttur Jón Víðis var gerður (mynd 15). Ljósmyndari óþekktur. ........ 17
Mynd 18. Horfnar byggingar á skráningarsvæðinu. Staðsett eftir lýsingum, korti frá 1920 og korti Jón Víðis frá 1934. Kort SUP, 2019. ........ 18
Mynd 19. Sauðárkrókur í kringum 1900. Ljósmynd úr safni HSk. Gefandi Árni Blöndal. ........ 19
Mynd 20. Efnisnotkun í húsagerð á skráningarsvæði. SUP, 2019. ........ 20
Mynd 21. Aldursdreifing húsa í samhengi við byggingarefni. ........ 21
Mynd 22. Aldursdreifing húsa á skráningarsvæði. Kort, SUP, 2019. ........ 22
Mynd 23. Suðurgata 24 og Suðurgata 14. Ljósm. Sigrún Fossberg, 2018. ........ 23
Mynd 24. Aðalgata 19, Lindargata 7, Aðalgata 13, Aðalgata 15. SFA, 2018. ........ 23
Mynd 25. Skógargata 26 á tímabilinu 1911-1912 (ljósm. óþekktur) og svo árið 2018 (ljósm. SFA). ........ 24
Mynd 26. Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14. SFA, 2018. ........ 24
Mynd 27. Suðurgata 5, Suðurgata 11, Suðurgata 16, Suðurgata 22. Ljósm. SFA, 2018. ........ 24
Mynd 28. Skógargata 22 og Suðurgata 9. Ljósm. SFA, 2018. ........ 25
Mynd 29. Suðurgata 10, Suðurgata 11B, Suðurgata 18 og Suðurgata 20. SFA, 2018. ........ 25
Mynd 30. Suðurgata 7, Suðurgata 3 og Suðurgata 13. Ljósmynd SFA/ES 2018. ........ 26
Mynd 31. Suðurgata 2 og Suðurgata 6. Ljósmynd ES, 2018. ........ 26
Mynd 32. Suðurgata 8. Ljósmynd ES, 2018. ........ 27
Mynd 33. Suðurgata 8, tekið árið 1956. Ljósmynd úr safni HSk. ........ 27
Mynd 34. Húsagerð á skráningarsvæði. Kort, SUP, 2019. ........ 28
Mynd 35. Hlutfall skráðra húsa á skráningarsvæði út frá varðveislugildi ........ 29
Mynd 36. Tvö elstu húsin á skráningarsvæðinu; Suðurgata 24 og Suðurgata 14. ........ 30
Mynd 37. Suðurgata 16 (t.v.) og Suðurgata 5 (t.h.). Ljósmynd SFA, 2018. ........ 30
Mynd 38. Varðveislugildi húsa á skráningarsvæði. Kort SUP, 2019. ........ 31
Mynd 39. Friðuð hús (fjólublátt), umsagnarskyld hús (appelsíngul). Kort SUP, 2019. ........ 32
Mynd 40. Uppdráttur af Sauðárkróki gerður 1920. Kort varðveitt hjá Landmælingum Íslands. ........ 37

# Inngangur

Húsakönnun þessi fjallar um Suðurgötu á Sauðárkróki. Árið 2018 kom út húsakönnun fyrir húsin sem eru innan skilgreinds svæðis fyrir verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki. Er hér um beint framhald að ræða en Suðurgata er næsta gata sunnan við verndarsvæðið og hluti þess svæðið sem í daglegu tali er kallaður *Gamli bærinn*.

Stuðst var við *Húsakönnun Sauðárkróks* sem Hörður Ágústsson gerði 1976-1977 og *Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki* sem Árni Ragnarsson og Áslaug Árnadóttir unnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð og Húsafriðunarnefnd ríkisins 1997-2001. Í þessari skýrslu er lögð meiri áhersla á skráningu hvers húss fyrir sig og unnið eftir nýjum stöðlum og skráningarformi Minjastofnunar Íslands. Greining byggðar og umhverfis fær aftur á móti lítinn sess í þessari greinargerð enda búið að gera grein fyrir þeim þáttum í húsa- og byggðakönnun Árna Ragnarssonar og Áslaugar Árnadóttur.

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga unnu skýrsluna en nutu dyggilegrar aðstoðar Braga Skúlasonar húsasmíðameistara, sérstaklega við mati á tæknilegu ástandi húsa. Einnig var leitað til kunnugra á svæðinu og verður þar sérstaklega að nefna Ingólf Sveinsson. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir aðstoðina.



*Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir afmörkun skráningarsvæðis. Afmörkun svæðis ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. SUP, 2019.*

Innan könnunarsvæðis eru öll hús sem tilheyra Suðurgötu en einnig þrjú hús sem tilheyra Skógargötu og lentu utan könnunarsvæðis verndarsvæðis í byggð. Það eru Skógargata 22, 24 og 26. Svæðið afmarkast annars að norðan af Kirkjuklauf (Hlíðarstíg), að vestan af Nöfum og að sunnan af Faxatorgi.

# 1 Söguágrip

Upphaf þéttbýlis á Sauðárkróki er alla jafna rakið til seinni hluta 19. aldar en svæðið á sér mun lengri sögu. Hér hafa skipakomur, útræði og búskapur verið stundaður allt frá landnámi. Í fornritunum er stundum nefnt að skip hafi lent í „Gönguskarðsárósi“.[1] Breytingar á útrennsli þar hafa þó að öllum líkindum lokað fyrir þá leið og skipverjar leitað sunnar, þ.e. að Sauðárkróki. Í ferðabók Ólafs Olavius sem kannaði landshagi á árunum 1775 til 1777 segir um Sauðárkrók að talið sé að „Englendingar eða einhverjir útlendingar aðrir hafi siglt þangað fyrrum.“ Þessu til stuðnings bendir Ólafur á tóftir „gamalla kaupmannsbúða“. Ólafur nefnir einnig að Hollendingar hafi í seinni tíð legið á skipum sínum við Sauðárkrók.[2]

Eftir að einokunin var lögleidd árið 1602 voru Skagfirðingar allir skyldugir til að versla í Hofsósi. Skipti þá engu máli hvar menn bjuggu í Skagafirði eða hvort viðkomandi ætti greiðari leið á annan verslunarstað. Fyrir marga Skagfirðinga var verslunarferðin hættuleg leið, sér í lagi þá sem bjuggu vestan Héraðsvatna.[3] Einokunni var aflétt með tilskipun sem tók gildi árið 1788 en eina fasta verslunin í Skagafirði var enn um stund á Hofsósi.[4]

Árið 1847 barst Alþingi bænarskrá frá 205 búandi mönnum í Skagafjarðarsýslu þess efnis að leyfð yrði uppsigling til verslunar á Sauðárkróki. Eftir nokkurt þóf samþykkti konungur loks bænarskrána árið 1857. Í kjölfarið hófst á Sauðárkróki sumarverslun og var verslunartíð að vori og hausti. „Þá komu fleiri hundruð manns til Sauðárkróks og dvöldu þar í nokkra daga“.[5] Einu byggingarnar sem voru þá á Sauðárkróki voru nokkrar sjóbúðir sem gerðar voru út frá bæjunum Sauðá, Sjávarborg, Geirmundarstöðum, Eyhildarholti og Brennigerði.[6] Ef lesendur vilja kynna sér frekar forsögu svæðisins er bent á nýlega skýrslu um fornleifaskráningu Sauðárkróks sem Byggðasafn Skagfirðinga vann sem og sögu Sauðárkróks eftir Kristmund Bjarnason.[7]

## 1.1 1871-1907

Árni Árnason klénsmiður[8] og ráðskona hans Sigríður Eggertsdóttir settust að á Sauðárkróki fyrst allra. Árni hafði sótt heim Einar bónda og hreppstjóra á Sauðá og falað af honum land til að koma sér upp þurrabúð á Sauðárkróki. Einar varð við bóninni og Árni fluttist til Sauðárkróks þar sem hann ákvað að helga sig iðn sinni, stunda hvorki landbúnað né sjávarútveg en hugðist hafa greiðasölu sem aukastarf. Af þeim sökum var klénsmiðsnafnið lagt til hliðar og upp frá því var hann alltaf kallaður „Árni vert“.[9]

Í upphafi byggðar var erfitt að nálgast gott drykkjarvatn og Árni vert hafði mikið fyrir því að finna gott vatnsból sem hann að lokum fann og reisti hús sitt í námunda við það. Næsta vatnsból, Syðrilind, var í

[1] Kålund, P. E. Kristian (1986), 47.
[2] Ólafur Olavius (1964), 327-329.
[3] Sölvi Sveinsson (1977), 70-72.
[4] Sölvi Sveinsson (1977), 70-72.
[5] Kristmundur Bjarnason (1969), 25-33.
[6] Pétur Sighvats (1997), 33-34.
[7] Guðný Zoëga (2018). Kristmundur Bjarnason (1969), 11-33.
[8] Járnsmiður eða blikksmiður.
[9] Kristmundur Bjarnason (1969), 91-99.

Skógargötu, við suðurhorn Gróðrarstöðvarinnar (Knudsensgarðs). Lindirnar höfðu greinilega mikil áhrif á það hvernig bærinn þróaðist í fyrstu því í nágrenni þeirra risu fyrstu húsaþyrpingarnar.

Það leið ekki á löngu þar til fyrsti verslunarmaðurinn, Hallur Ásgrímsson, settist að á Króknum og setti á fót fyrstu fastaverslun staðarins, Ásgrimsenshöndlun, árið 1873. Sama ár hófst fiskútflutningur frá Sauðárkróki og var Hallur jafnframt fyrsti útgerðarmaðurinn með búsetu á Sauðárkróki. Sauðkrækingar fóru myndarlega af stað í útgerð, frá árinu 1873 til 1877 fimmtánfaldaðist útflutningur. Bærinn var því fljótur að þróast úr verstöð í útgerðarbæ og margir efnaminni menn létu freistast af fiskisæld fyrstu áranna, tóku sig upp í sveitunum, fluttu í þorpið og hófu útgerð.[10]

Íbúum fjölgaði hratt fyrstu árin. 1875 voru íbúar 13 á tveimur heimilum, árið 1880 voru íbúar orðnir 60 og árið 1890 voru þeir 179 talsins.




*Mynd 2. Þróun fjölda íbúa á Sauðárkróki 1889 til 1907. Tölur frá Hagstofu Íslands.*

Húsaskattur var fyrst innheimtur hér á landi árið 1879 og tók skatturinn til allra húseigna sem náðu 500 króna virðingarverði og fylgdu hvorki jörð né töldust til opinberra bygginga. Í fyrstu húseignaskýrslunni segir: „Tveir nýir verzlunarstaðir hafa skömmu fyrir 1879 vaxið upp úr engu og náð töluverðum þroska; það eru Sauðárkrókur og Blönduós, og munu þeir eingöngu eiga tilveru sína því að þakka, að þeir liggja betur við fyrir héruðin í kring en gömlu kaupstaðirnir.“ Árið 1879 er virðingarverð húseigna á Sauðárkróki 23.000 kr. (samtala) og til samanburðar kr. 16.300 á Blönduósi, kr. 3.500 á Hofsósi, kr. 16.800 á Siglufirði og kr. 11.400 á Húsavík. Af þessum tölum dregur Kristmundur Bjarnason þá ályktun að strax árið 1879, aðeins 8 árum eftir að fyrsti ábúendinn settist þar að, var Sauðárkrókur orðinn virðingarhæsta og að öllum líkindum best hýsta kauptún norðanlands.[11]

„Árið 1880 voru íbúar orðnir 60 talsins, þar af voru sjö þeirra sem stunduðu verslun enda reis Sauðárkrókur að kröfu bænda sem sáu mikilvægi þess að hafa góða verslun í heimabyggð sem væri í

[10] Kristmundur Bjarnason (1969), 91-99, 141-156.
[11] Kristmundur Bjarnason (1969), 169.

beinu sambandi við markaði í Evrópu.“ Sauðárkrókur þróaðist í að vera einnig aðsetur embættismanna sýslunnar enda eðlilegt að þeir hefðu aðsetur „þar sem flestir íbúar gætu nálgast þjónustu þeirra …“[12]

Árið 1883 skilur amtmaður verslunarstaðinn Sauðárkrók frá Sauðárjörðinni og ári síðar staðfestir landshöfðingi þá aðgerð. Skilgreining verslunarlóðarinnar var hinn svonefndi Sauðárkrókur, þ.e. strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan. Eftir þetta skyldi sýslumaður mæla upp Sauðárkrók, sjá um að úthluta lóðum til þeirra sem vildu byggja og jafnframt mátti ekki byggja úr öðru en timbri eða steini.[13]



*Mynd 3. Sauðárkrókur um 1893. Ljósmyndari Arnór Egilsson. Úr safni Héraðsskjalasafni Skagfirðinga.*

Sauðárkrókur hélt áfram að vaxa og dafna með fjölbreyttu atvinnu- og menningarlífi svo eftir var tekið og þrátt fyrir ýmsar ófarir stóð kauptúnið sterkt um aldamótin 1900. Skortur á hafnaraðstöðu torveldaði þó framgangi bæjarins og uppbyggingu á stórútgerð en iðnaður var býsna fjölbreyttur og veitti mörgum atvinnu.[14]

Elsti hluti bæjarins sem liggur norðan Kirkjuklaufar byggðist upp á fyrstu 25-30 árum byggðarinnar. Fyrsti landneminn settist að þar sem hann fann þokkalegt vatnsból (Ytrilind) og flóð í Sauðá náðu ekki til. Það hús stóð þar sem nú er Lindargata og þar risu einnig næstu hús sem á eftir komu en á milli 1880 og 1890 var farið að byggja við Aðalgötu.[15] Þar sem þessar tvær götur mættust, á Kaupangstorgi, var

[12] Unnar Ingvarsson (2016), 39-40.
[13] Kristmundur Bjarnason (1969), 137.
[14] Unnar Ingvarsson (2016).
[15] Kristmundur Bjarnason (1969), 172.

miðpunktur byggðarinnar. Kirkjan var byggð 1892 og var þá nokkru sunnan við byggðina.[16] Um aldamótin 1900 er byggð þéttust við Aðalgötu og í húsaþyrpingunum í elsta hluta byggðarinnar, þar sem síðar urðu Lindargata og Skógargata.

## 1.2 1907-1947



*Mynd 4. Sauðárkrókur um 1907. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

Árið 1907 varð Sauðárkrókur sjálfstætt bæjarfélag. Sauðárhreppi var þá skipt í tvö hreppsfélög, Sauðárkrókshrepp og Skarðshrepp. Sama ár dró til tíðinda vegna bankakreppunnar í Bandaríkjunum en hún hafði veruleg áhrif á efnahag Skagfirðinga. Eitt helsta verkefni nýrrar hreppsnefndar á Sauðárkróki var að stemma stigu við gjaldþroti nýja hreppsins vegna mikillar ásóknar í sveitarstyrki og að hreppurinn gengist í ábyrgð fyrir vöruúttektum í verslunum. Vegna kreppunnar féllu afurðir í verði og danskir heildsalar kröfðust þess að greitt væri fyrir vörur við afhendingu en ekki með tímanum eins og alsiða var. Kaupmenn gengu harðar eftir skuldum en fyrr með tilheyrandi erfiðleikum fyrir verkafólk, sjávarafurðir féllu í verði og bændur urðu illa úti. Smákaupmenn urðu margir gjaldþrota þótt þeir stærri lifðu af. Allt þetta leiddi til aukins sjálfsþurftarbúskapar á Sauðárkróki.[17]

[16] Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 25.
[17] Unnar Ingvarsson (2016), 91-93.




*Mynd 5. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1907 til 1947. Tölur frá Hagstofu Íslands.*

Á fyrstu árum nýja hreppsins var mikið atvinnuleysi á Sauðárkróki en þrátt fyrir það rak hver stórframkvæmdin aðra. Barnaskólinn reis 1908, vatnsveita lögð 1912 og langþráð bryggja smíðuð 1916 og hafin gerð öldubrjóts, sem því miður reyndist gagnslaus. Sauðárkrókur er sérstæður fyrir það að ekki er höfn í tengslum við elsta bæjarhlutann. Þar er engin náttúruleg höfn en bátar voru dregnir upp á malarkambana á meðan stærri skip lágu við akkeri úti á víkinni, þar til bryggja var byggð árið 1916. Bryggjan skemmdist iðulega í öldugangi og illviðri og svo fór að höfnin var flutt úr gamla bænum út á Eyri og lauk byggingu þeirrar hafnar árið 1939. Árið 1919 voru gefin út lög um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki. Mörkin voru við Gönguskarðsá í norðri, við Nafabrún í vestri, frá Gönguskarðsá til Sauðár í Sauðárgili. Í suðri var dregin lína úr gilinu til sjávar, á mörkum Sjávarborgarjarðar.[18]

Kreppan og sjálfsþurftabúskapur endurspeglast í byggingum á Sauðárkróki. Af ljósmyndum frá fyrri hluta 20. aldar má greina mikinn fjölda skúra á Sauðárkróki en margir þeirra hýstu búfénað eða smáiðnað. Þessir skúrar hafa margir týnt tölunni eða hafa verið breytt í íbúðarhúsnæði með tilheyrandi stækkun og breytingum.

[18] Kristmundur Bjarnason (1969). Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 22.



*Mynd 6. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

Aðalgata teygðist suður eftir og til varð Suðurgata, sem þá var í beinu framhaldi af henni. Á þessum tíma var Skagfirðingabraut enn þjóðbraut sem gegndi hlutverki sem samgöngu- og flutningavegur. Byrjað var að leggja Suðurgötu árið 1907 en nokkrir torfbæir og einstaka timburhús höfðu þegar risið á þessu svæði. Suðurgata lá frá kirkjunni og suður á Flæðar. Þegar hér var komið sögu færðist miðpunktur bæjarins til Kirkjutorgs, húsin sem stóðu næst kirkjunni voru nýr barnaskóli (1908) og sjúkrahús (1906). Ysta húsið við Suðurgötu var Læknishúsið (1901) sem var hluti af aðkomu bæjarins og stóð ásamt kirkjunni og barnaskólanum sem eins konar bæjarhlið.[19]

Yngsti hluti gamla bæjarins er Freyjugata og Skagfirðingabraut. Fyrsta húsið sem reis við Skagfirðingabraut var samkomuhúsið Bifröst, byggt 1925. Hluti götunnar var lagður af kvenfélagskonum sem gangstígur. Í kringum 1940 er gamli bærinn orðinn nánast fullbyggður og byggðin farin að teygja sig suður að Faxatorgi.

[19] Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 26.



*Mynd 7. Sauðárkrókur um 1911-1912. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga*

## 1.3 Tímabilið eftir 1947

Árið 1947 fékk Sauðárkrókur kaupstaðarréttindi og síðan þá hafa lögsögumörk bæjarins verið færð út nokkrum sinnum.[20]

Eins og áður er nefnt gat Sauðá verið til nokkurra vandræða þegar hún flæddi yfir bakka sína og olli skemmdum. Á veturna flæddi hún líka yfir flatlendið og Flæðarnar urðu að einu stóru svelli með tilheyrandi erfiðleikum fyrir umferð. Í ána fór sláturúrgangur, hún var notuð sem klóak og lyktaði eftir því og ýmsir töldu hana ógna heilsu manna. Það hafði þess vegna mikil áhrif þegar hún var svo færð úr bæjarstæðinu um 1950, því þá fengust byggingarlóðir þar sem hún hafði áður oltið um. Þar með var stór áhrifavaldur í þróun bæjarins horfinn en enn mótar fyrir gamla farveginum á Flæðum.

[20] Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 22.



*Mynd 8. Sauðárkrókur 1950-1960. Horft yfir Flæðarnar. Ljósmynd úr safni Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.*

Íbúafjöldi var nokkuð stöðugur fyrstu ár tímabilsins en upp úr 1960 fer að vaxa fjöldi þeirra er flytur á Sauðárkrók.




*Mynd 9. Íbúafjöldi á Sauðárkróki 1947 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.*

Ef horft er á þróun íbúafjölda í Skagafjarðarsýslu annars vegar og á Sauðárkróki hins vegar má sjá að á fyrri hluta 20. aldar var þróunin hliðstæð, þ.e. það fjölgaði bæði í sýslunni allri og á Sauðárkróki. Upp úr miðri 20. öld fara línurnar að dragast saman, þ.e. íbúum í sýslunni fækkar en fjölgar á Sauðárkróki.




*Mynd 10. Íbúafjöldi í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkróki 1911 til 1990. Tölur frá Hagstofu Íslands.*

Árið 1940 bjuggu 964 íbúar á Sauðárkróki. Árið 1970 voru þeir 1.596 en árið 2017 bjuggu 2.570 íbúar á Sauðárkróki. Uppbygging bæjarins hefur færst sunnar og ofar en einnig hefur iðnaðarsvæði verið í uppbyggingu norðan við gamla bæinn.




*Mynd 11. Hverfi á Sauðárkróki. Kort Solveig Olga Sigurðardóttir, 2018.*

## 1.4 Suðurgata og syðsti hluti Skógargötu

Alla jafna er talað um að upphaf þéttbýlis á Sauðárkróki megi rekja til ársins 1871 þegar Árni vert Árnason byggði sér hús. Stuttu seinna munu hús hafa risið á svæðinu sem í dag ber heitið Suðurgata. Árið 1879 reisti til að mynda Jónas Símonarson torfbæ á lóð Suðurgötu 12. Hann flutti til Ameríku um 1880. Árið 1883 eignaðist Jón Sigurðsson frá Tjörn bæinn og síðar Bjarnleifur spilari sonur hans. Virðist húsið hafa gengið undir nafninu Jónsbær eða Bjarnleifsbær. Vitað er að í kringum 1885 bjó í torfbæ á lóðum Suðurgötu 8-10, Sigurður nokkur Sigurðsson (Sigurðarbær). Ekki er vitað hvort hann byggði sjálfur bæinn en talið er að Sigurður hafi búið í húsinu til dauðadags eða 1894. Ekkja hans, Sigurbjörg Gísladóttir, giftist Þorsteini Jónssyni útvegsmanni og var bærinn þá kenndur við hann (Þorsteinsbær). Á svipuðum slóðum var annar torfbær en óvíst er hvenær hann var reistur. Árið 1888 býr þar Þorsteinn smiður Sigurðsson (Þorsteinshús). Árið 1897 reisti Magnús Benediktsson sér íbúðarhús og fjárhús á lóð Suðurgötu 24. Bærinn var rifinn árið 1934 þegar Einarshús/Árbær var fluttur þangað. (bls. 194) Pálmi Pétursson reisti hús á lóð Suðurgötu 3 árið 1898 en seldi Haraldi múrara Sigurðssyni húsið sem var alla jafna kennt við hann.[21]



2. mynd. Sauðárkrókur 1916.

1. kirkja. 2. læknishús. 3. skóli. 4. sjúkrahús. 5. templarahús. 6. veltingahús. 7. símastöð. 8. pósthús. 9. veitingahús. — Búðir eru auðkendar með ljósum ferhyrning, sláturhús með þríhyrningi, fjárhús strikuð, geymsluhús o. fl. ljós. Smástrikaða linan efst, táknar brekkuna ofan kaupstaðarins.

*Mynd 12. Uppdráttur Guðmundar læknis af Sauðárkróki 1916.*

Þegar kemur fram á 20. öldina er fara torfbæirnir að víkja fyrir timbur- og steinhúsum, sérstaklega nyrðri hlutinn. Ef skoðaður er uppdráttur af Sauðárkróki frá 1916 má sjá að Suðurgatan, eða Lestargatan eins og hún hét þá, hefur verið áframhald af Aðalgötunni. Nyrst eru stærri hús en síðan eru minni hús suðureftir, vestan megin götunnar.

Ástæðu þess að engin hús, fyrir utan Læknishúsið/Suðurgötu 1, voru byggð austan megin götunnar má greinilega sjá á uppdrætti frá 1920 sem tilheyrir hinum svokölluðu dönsku herforingjakortum. Sauðáin rennur á þessum tíma upp við Lestargötunna (sjá mynd 13).

[21] Kristmundur (1969), 177, 185, 194-195.



*Mynd 13. Hluti af herforingjakorti frá 1920. Suðurgata og syðsti hluti Skógargötu og Aðalgötu.*

Mögulega hefur þó líka spilað inn í að stór lóð virðist hafa fylgt Læknisbústaðnum, svæði sem ef til vill hefði annars verið nýtt undir byggingar.


*Mynd 14. Nyrsti hluti Suðurgötu 1907 (t.v.) og 1911-1912 (t.h.). Ljósmyndir úr safni HSk. Grindverk afmarkar lóð við Læknisbústaðinn sem stendur við Sauðá.*

Á uppdrætti Jón Víðis frá 1934 má sjá að búið er að „temja“ Sauðána að einhverju leyti. Ánni er beint austar og upp rísa hús austan megin í Suðurgötunni. Húsin á þessu svæði eru byggð á tímabilinu 1923 til 1936 sem er innan megin-byggingartímabils uppistandandi húsa.



*Mynd 15. Suðurhluti uppdrátts Jón Víðis af Sauðárkróki 1934.*

Suðurgata er tiltölulega löng gata með nokkuð reglulegri byggð. „Mikill gróður er í görðum, sem ásamt byggð gefa göturýminu gamalgróðið yfirbragð.“ Gatan afmarkast af kirkjunni í norðri og Safnahúsinu í suðri. Húsin standa svo undir (austan) við Nafirnar sem setja mikinn svip á götuna. Safnahúsið stendur nokkuð nærri Suðurgötu 24, gluggalaus hlið þess snýr að götunni og er húsið nokkuð hærra og stærra en nærliggjandi hús í Suðurgötunni. Hér eru mörk eldri byggðar og svo stærri þjónustuhúsa sem byggð voru eftir miðja 20. öld. Syðst í götunni, austan og norðan við Safnahúsið, er auð lóð þar sem áður stóð Sýsluhesthúsið svo kallaða. „Hér leysist göturýmið upp og sést langt inn í Suðurbæinn yfir Faxatorg og Flæðar.“[22]

[22] Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), 66.



*Mynd 16. Suðurgatan liggur sunnan við kirkjuna og að Safnahúsi. Horft til suðurs. Ljósmynd Sigfús Ingi Sigfússon, 2017.*

## 1.5 Horfnar byggingar




*Mynd 17. Sauðárkrókur 1930-1934. Horft norður eftir Suðurgötunni. Myndin tekin á svipuðum tíma og uppdráttur Jón Víðis var gerður (mynd 15). Ljósmyndari óþekktur.*

Um 32 byggingar voru skráðar horfnar á skráningarsvæðinu. Töluverður hluti þeirra eru skúrar og útihús sem byggð voru á tímabilinu 1921 til 1934 en einnig nokkuð um torfbæi sem byggðir voru um og fyrir aldamótin 1900.




*Mynd 18. Horfnar byggingar á skráningarsvæðinu. Staðsett eftir lýsingum, korti frá 1920 og korti Jón Víðis frá 1934. Kort SUP, 2019.*

1. Ævarðsskarð, Hlíðarstígur 1. Byggt 1915, rifið 2004.
2. Skriða, Skógargata 15. Byggt 1915, rifið 2004. Var eitt af elstu steinsteyptu húsum í bænum.
3. Framnes, Skógargata 19B. Byggt 1914, rifið 2004.
4. Læknisfjósið, Hlíðarstígur. Byggt á tímabilinu 1911-1913. Rifið í kringum 2004.
5. Grund, Suðurgata 12. Horfið
6. Sýsluhesthúsið, Suðurgata. Byggt 1922, rifið um 1988.
7. Sjóðbúð Magnúsar Gunnarssonar, Suðurgata 12. Horfið.
8. Jónsbær/Brynleifsbær, Suðurgata 12. Horfið.
9. Sigurðarbær/Þorsteinsbær, Suðurgata 8-10. Byggt um 1885, rifið um 1945.
10. Þorsteinshús, Suðurgata 8. Byggt um 1888, rifið um 1925.
11. Haraldarhús, Suðurgata 4. Byggt um 1898, rifið um 1990.
12. Læknishúsið, Suðurgata 1. Byggt 1901. Flutt árið 1985.
13. Hjarðarholt, Suðurgata 8-10. Byggt 1925 á grunni Þorsteinshús. Rifið 1945-1950.
14. Pétursbær/Ljósavatns, Suðurgata 18B. Torfkofi byggður 1901, horfin fyrir 1969.
15. Ólafshús, Suðurgata 16B. Byggt árið 1914. Rifið um miðja 20. öld.
16. Árbær (eldri). Byggt 1897. Rifið 1934.
17. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
18. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
19. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
20. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.

21. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
22. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.
23. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
24. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.
25. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.
26. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
27. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
28. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
29. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.
30. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.
31. Skúr/útihús, byggt á tímabilinu 1921 til 1934.
32. Skúr/útihús byggt fyrir 1920.



*Mynd 19. Sauðárkrókur í kringum 1900. Ljósmynd úr safni HSk. Gefandi Árni Blöndal.*

# 2 Húsin í Suðurgötu

## 2.1 Byggingarefni

Á skráningarsvæðinu voru skráð 29 hús. Af þeim eru 13 (45%) úr steinsteypu, 2 (7%) hlaðin úr steini og 14 (48%) úr timbri.




*Mynd 20. Efnisnotkun í húsagerð á skráningarsvæði. SUP, 2019.*

Svo virðist sem byrjað hafi verið að steypa hús í mót í kringum 1910 á Sauðárkróki. Á skráningarsvæðinu hafa timburhúsin þó haldið ágætlega velli. Mörg þessara timburhúsa hafa verið klædd með öðrum byggingarefnum. Af 14 timburhúsum eru þrjú með járnklæðningu, tvö með múrhúð og eitt er steniklætt.

## 2.2 Aldursdreifing

Ef litið er á aldursdreifingu húsanna sem nú eru uppistandandi má sjá að helsta byggingartímabil götunnar er frá 1911 til 1940. Tvö hús sem standa við götuna voru byggð fyrir aldamótin 1900 en þau voru ekki upphaflega byggð við götuna heldur flutt þangað eftir aldamót. Þetta eru húsin Ártún (Suðurgata 14) sem var flutt frá Aðalgötu í Suðurgötu árið 1919 og Árbær (Suðurgata 24) sem einnig stóð við Aðalgötuna en var flutt á núverandi stað árið 1934.




*Mynd 21. Aldursdreifing húsa í samhengi við byggingarefni.*

Í húsakönnun fyrir norðurhluta gamla bæjarhlutans var greind þróun bæjarins út frá aldursdreifingu húsanna. Elstu húsin (1871-1900) er að finna við Aðalgötu, Skógargötu og Lindargötu. Á næsta tímabili (1900-1920) eru húsin staðsett aðallega við Skógargötu og Aðalgötu. Nú má marka áhrif steinsteypunnar og byggð eru eins konar bakhús við Aðalgötu sem eru í stærri kantinum og gegndu hlutverki iðnaðarhúsa (sláturhús, síldarsöltun). Á tímabilinu 1920 til 1940 má sjá að byggð lítilla íbúðarhúsa eru að teygja sig upp klaufarnar (Hlíðarstíg og Kambastíg) en þessi hús eru ýmist úr timbri eða steinsteypu. Á árunum 1940 til 1960 má sjá ákveðna viðleitni til að byggja Aðalgötu upp sem megin verslunar- og þjónustusvæði á Sauðárkróki. Byggð eru nokkur hús sem voru með verslun/þjónustu á neðri hæð en íbúðir á efri hæðum. Stór steinsteypt hús eru byggð á neðri hluta Kambastígs en einnig heldur áfram uppbygging stórra steinsteyptra húsa í línu við „bakhús" Aðalgötu. Fá hús eru frá tímabilinu 1960 til dagsins í dag eða fimm hús. Augljóslega færðist uppbygging Sauðárkróks sunnar þegar á leið. Suðurgatan byggist mikið til á sama tíma og húsin voru að byggjast upp í klaufunum eða á tímabilinu 1920 til 1940. Byggingarstíllinn er að mörgu leyti svipaður, einföld timbur- eða steinsteypuhús en húsin á Suðurgötunni eru þó yfirleitt stærri og flest á tveimur hæðum.




*Mynd 22. Aldursdreifing húsa á skráningarsvæði. Kort, SUP, 2019.*

## 2.3 Húsagerðir

### 2.3.1 Dönsk-íslensk gerð

Húsagerðin á skráningarsvæðinu er í samhengi við aldur húsanna en þau eru flest byggð á fyrri hluta 20. aldar. Tvö elstu húsin eru af dansk-íslenskri gerð. Þetta eru Suðurgata 14 (Árból) og Suðurgata 24 (Árbær). Bæði húsin eru portbyggð en Suðurgata 24 er með einfaldan kvist og kjallara (hærri sökkul).



*Mynd 23. Suðurgata 24 og Suðurgata 14. Ljósm. Sigrún Fossberg, 2018.*

Þessum húsum svipar mjög til húsa á Aðalgötunni frá svipuðum tíma enda húsin upphaflega byggð þar en einnig er eitt hús á Lindargötunni sem er í svipuðum stíl. Um er að ræða fjögur hús, öll byggð árið 1897, portbyggð með kvisti. Af þessum fjórum húsum er Aðalgata 13 með brattasta risið og hefur lágan sökkul. Aðalgata 15 og 19 eru bæði portbyggð með sökkli og tvöföldum kvisti. Risið er ekki eins hátt/bratt og hin húsin. Lindargata 7 er með litlum kvisti og inngangur á framhlið en svipar að öðru leyti mjög til Aðalgötu 15 og 19.



*Mynd 24. Aðalgata 19, Lindargata 7, Aðalgata 13, Aðalgata 15. SFA, 2018.*

### 2.3.2 Lágris-gerð

Hörður Ágústsson benti á í húsakönnun sinni að á Sauðárkróki megi finna „tilbrigði“ við norsk-íslenskan stíl. Stakk hann upp á því að kalla hann „lágris-gerð“. Húsagerð þessi hafi um tíma sett mikinn svip á staðinn. „Hús þessi sverja sig í ætt við norsk-íslensku gerð að því leyti að þau eru á háum sökkli og bera vitni sama snikkaraverks í útfærslu en eru hvorki með porti, háu risi eða kvistum, þau eru óvenjulega rislág í orðsins réttu merkingu“.[23] Af húsakönnun norðurhluta gamla bæjarins að marka tók þessi byggingarstíll við af dönsk-íslensku gerðinni um aldamótin. Eitt hús á skráningarsvæðinu myndi flokkast undir þessa gerð en það er Skógargata 26, byggt 1901. Af ljósmyndum af dæma hafa þau verið fleiri hér áður fyrr, t.d. á lóð Suðurgötu 8.

[23] Hörður Ágústsson (1977), 20.



*Mynd 25. Skógargata 26 á tímabilinu 1911-1912 (ljósm. óþekktur) og svo árið 2018 (ljósm. SFA).*

### 2.3.3 Önnur timburhús

Töluvert af litlum, einföldum timburhúsum var erfitt að flokka undir einhvern einn eiginlegan byggingarstíl. Á millistríðsárunum verða áberandi lítil einföld timburhús á Sauðárkróki. Virðist sem þeir sem byggðu stór hús hafi fremur sótt í steinsteypuna á þessum tíma. Gott dæmi um þessa gerð húsa í norðurhluta gamla bæjarins eru húsin við Kambastíg. Kambastígur 1, 6 og 8 eru byggð 1925 til 1927, og Skógargata 14 byggð 1930. Kambastígur 1 og Skógargata 14 eru nú múrhúðuð en Kambastígur 6 og 8 eru klædd með hömruðu járni, hinu svokölluðu steinblikki sem er orðin sjaldgæf sjón.[24] Þetta eru lítil hús sem mætti segja að tilheyrðu „alþýðustíl“.



*Mynd 26. Kambastígur 1, Kambastígur 8, Kambastígur 6 og Skógargata 14. SFA, 2018.*

Á skráningarsvæðinu er ágætt dæmi um slík hús Suðurgata 5 (1923), Suðurgata 11 (1927) og Suðurgata 16 (1928). Öll þessi hús eru á háum sökkli, steinsteyptum og virðist yfirleitt hafa verið gengið inn að framan (langhlið). Suðurgata 11 hefur reyndar breytt nokkuð um svip vegna kvists sem búið er að bæta við húsið. Undir þennan flokk mætti einnig setja Suðurgötu 22 (1920) en það hús hefur þó ekki þennan háa sökkul og er nokkuð risminna hús.



*Mynd 27. Suðurgata 5, Suðurgata 11, Suðurgata 16, Suðurgata 22. Ljósm. SFA, 2018.*

[24] Jon Nordsteien (2007), 15.

## 2.4 Steinsteypt hús

Um aldamótin kom fram steinsteyputæknin. Elstu steinsteypuhúsin á Íslandi eru íbúðarhúsið að Sveinatungu í Norðurárdal og viðbygging við sjúkrahúsið á Akureyri, en báðar byggingarnar eru frá 1895. Fyrsta steinsteypta húsið í Reykjavík var Barónsfjósið við Hverfisgötu, byggt árið 1899. Steinsteyputæknin sótti í sig veðrið upp úr aldamótum. Eftir 1910 jókst innflutningur á sementi og notkun móta við steypuvinnu. Samhliða þessu jókst menntun í múrverki. Um 1920 höfðu 1000 steinsteypt hús bæst við fjölda steinhúsa á Íslandi.[25]

### 2.4.1 Einföld steinsteypuhús

Menn virðast hafa tileinkað sér hina nýju steinsteyputækni nokkuð snemma á Sauðárkróki. Elsta uppistandandi steinsteypta húsið er Aðalgata 22b en það var byggt 1911. Í upphafi steinsteyputímabilsins má sjá tilhneigingu til að byggja steinsteypt hús sem eins konar steyptar eftirlíkingar af timburhúsunum. Við sjáum dæmi um þetta á skráningarsvæðinu, t.d. Skógargata 22 (1928) sem byggt var í stíl lágris-timburhúsa en það hefur nokkuð haldið formi sínu. Suðurgata 9 (1929) er svo ágætt dæmi um steinsteypt hús byggt í timburhúsastíl en minnir meira á dönsk-íslensku gerðina.



*Mynd 28. Skógargata 22 og Suðurgata 9. Ljósm. SFA, 2018.*

Á millistríðsárunum má einnig sjá byggingu einfaldra íbúðarhúsa úr steinsteypu í alþýðustíl eða jafnvel í stíl steinsteypuklassík. Þeim svipar mjög til timburhúsanna sem byggð eru á þessu tímabili en eru oft á tíðum stærri og rismeiri. Dæmi um slík hús á skráningarsvæðinu eru t.d. Suðurgata 10 (1925), Suðurgata 11B (1929), Suðurgata 18 (1931) og Suðurgata 20 (1926).



*Mynd 29. Suðurgata 10, Suðurgata 11B, Suðurgata 18 og Suðurgata 20. SFA, 2018.*

Suðurgata 10 var með þrjá litla kvisti en búið er að stækka miðjukvistinn. Húsið er með skreytingar á gafli sem nefnd hefur verið „siglfirskur gafl“ og kallast þannig á við Kirkjutorg 1 (Þýskaland) þó það hafi verið byggt nokkuð seinna eða 1936.

---

[25] Ari Trausti Guðmundsson, Flosi Ólafsson (2003), 12.

### 2.4.2 Funkjónalismi

„Fúnkisstíll, fúnksjónalismi, nýtistefna eða bara fúnkis er í raun stefna en ekki stíll. Hún er heimsspeki og formfræði hins vélvædda nútíma og fagurfræði hins hagnýta. Stefnan byggðist á því að form hlutanna átti að endurspegla nýtingu þeirra. Öllu skrauti var útrýmt því það hafði ekkert hagnýtt gildi.“ Fúnkisstefnan var orðin alls ráðandi um 1930. Helstu frumkvöðlar stefnunnar á Íslandi í byggingarlist voru Sigurður Guðmundsson arkitekt og Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.[26]

Stór hluti húsanna á skráningarsvæðinu eru byggð fyrir 1931. Fyrir vikið er fúnkis-stíllinn ekki ráðandi á skráningarsvæðinu ef litið er til upprunalegrar gerðar. Besta dæmið um fúnkisstíl á skráningarsvæðinu myndi vera Suðurgata 7 byggt 1937. Tvö hús byggð á þriðja og fjórða áratugnum bera nokkur einkenni þessa stíls með einfaldleika sínum og yfirbragði en það eru Suðurgata 3 (1923) og Suðurgata 13 (1933).



*Mynd 30. Suðurgata 7, Suðurgata 3 og Suðurgata 13. Ljósmynd SFA/ES 2018.*

Seinni tíma breytingar á húsum hafa þó gert mörg húsin meira í ætt við fúnkis en upprunaleg gerð. Dæmi um slík hús myndi vera Suðurgata 2 (1908) og Suðurgata 6 (1914).



*Mynd 31. Suðurgata 2 og Suðurgata 6. Ljósmynd ES, 2018.*

Páll V. Bjarnason, arkitekt, vill meina að í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar hafi borið á nokkurri ringulreið í byggingarlist á Íslandi. „Menn fóru að gleyma uppruna stefnunnar og bæta inn í ýmis konar skrauti sem þó var oftast látlaust. Þetta má gjarnan kalla síðfúnkisstíl.“[27] Ef til mætti einmitt setja Suðurgötu 8 í þennan flokk en það sker sig nokkuð úr húsunum á skráningarsvæðinu. Suðurgata 8 er byggt árið 1956, hlaðið úr steinsteyptum steinum. Gluggar eru fjölpósta og setja mikinn svip á húsið.

---

[26] Páll V. Bjarnason (1993), 5.

[27] Páll V. Bjarnason (1993), 5.



*Mynd 32. Suðurgata 8. Ljósmynd ES, 2018.*



*Mynd 33. Suðurgata 8, tekið árið 1956. Ljósmynd úr safni HSk.*




*Mynd 34. Húsagerð á skráningarsvæði. Kort, SUP, 2019.*

## 2.5 Varðveislugildi og verndarflokkar

Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands skal meta varðveislugildi húsa út frá fimm þáttum; listrænu gildi, menningarsögulegu gildi, umhverfisgildi, upprunalegu gildi og tæknilegu ástandi. Eðlilegt sé að ganga út frá því hús hafi alla jafna miðlungs varðveislugildi en rökstyðja sérstaklega ef húsið er talið hafa hátt eða lágt varðveislugildi. Hafi hús lágt varðveislugildi er ekki óeðlilegt að gera megi ráð fyrir að það megi víkja án þess að rýra gildi byggðarinnar, það myndi jafnvel styrkja heildarsvipmótið. Af 29 húsum sem metin voru fékk eitt húsanna lága einkunn fyrir varðveislugildi. Það má þó ekki skilja skýrsluhöfunda svo að þeir mæli með niðurrifi þessa húss en eitthvað þurfi til bragðs að taka til að húsið spili betur með umhverfi sínu og nærliggjandi byggingum.




*Mynd 35. Hlutfall skráðra húsa á skráningarsvæði út frá varðveislugildi*

Fjögur húsanna voru metin með hátt varðveislugildi. Það eru Suðurgata 5 (Árbakki, byggt 1923), Suðurgata 14 (Ártún, byggt 1890), Suðurgata 16 (Árból, byggt 1928) og Suðurgata 24 (Árbær, byggt 1884). Skemmtileg tilviljun að öll húsin kenni sig við „Á“ sem vísar eflaust til nálægðar við Sauðánna áður en hún var færð úr stað. Ekkert húsanna fær hátt fyrir alla fimm þættina.

Suðurgata 14 og Suðurgata 24 eru fulltrúar 19. aldarinnar í götunni og með elstu húsum á Sauðárkróki. Suðurgata 24 er talið vera eitt fyrsta húsið á Sauðárkróki sem var byggt hér að öllu leyti, þ.e. ekki notast við innflutta tilsniðna viði. Það er ágætur fulltrúi dansk-íslenkra gerðar yngri, klætt með hömruðu járni. Gluggagerð þess hefur verið breytt á seinni tímum sem rýrir heildarmyndina og húsið þarfnast viðhalds. Suðurgata 14 var í bágu ástandi en undanfarið hefur það verið gert upp svo sómi er af.



*Mynd 36. Tvö elstu húsin á skráningarsvæðinu; Suðurgata 24 og Suðurgata 14.*

Suðurgata 5 og Suðurgata 16 eru aftur á móti fulltrúar millistríðsáranna. Ólíkar ástæður liggja að baki þess að þau hús fá hátt varðveislugildi. Segja má að Suðurgata 5 hafi staðnað í tíma á meðan Suðurgata 16 hefur þróast í góðri sátt við uppruna hússins.



*Mynd 37. Suðurgata 16 (t.v.) og Suðurgata 5 (t.h.). Ljósmynd SFA, 2018.*

Húsið Árbakki við Suðurgötu 5 er byggt árið 1923 úr timbri. Sauðá rann á þessum tíma austan við húsið og er þaðan dregið nafnið Árbakki. Árið 1925 keypti Ingimundur Bjarnason húsið og bjó þar með eiginkonu sinni Sveinsínu Bergsdóttur. Ingimundur starfrækti járnsmiðju í kjallaranum og byggði litla byggingu áfasta austan við húsið sem hýsti búfénað. Árbakki er því eitt af þeim húsum sem lýsir vel íbúðar- og atvinnuháttum handverksmanna á fyrri hluta aldarinnar. Eftir að Ingimundur og Sveinsína létust var Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks afhent húsið til eignar ásamt smiðjunni og áhöldum. Húsið átti að nýtast sem aðstöðuhús fyrir félagið og koma átti þar á iðnminjasafni. Árbakki er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Húsið fær fyrst og fremst hátt varðveislugildi vegna menningarsögulegs gildis.

Suðurgata 16, Árból, er byggt árið 1928 af Jóni Guðmundssyni „keyrara“. Húsið er ein hæð á háum steyptum grunni, hæðin er byggð úr timbri en viðbygging sem var byggð 1988 er steinsteypt. Um tíma var húsið allt forskalað en nú er efri hluti hússins með láréttri viðarklæðningu. Byggt hefur verið við húsið en viðbyggingin kemur bak við húsið og skerðir ekki sjónrænt gildi hússins.



*Mynd 38. Varðveislugildi húsa á skráningarsvæði. Kort SUP, 2019.*

Ekkert húsanna er friðlýst en nokkur eru friðuð út frá aldursákvæði laga. Sex húsanna eru byggð fyrir 1920 og því aldursfriðuð. Þetta eru: Suðurgata 14, Suðurgata 24, Suðurgata 6, Suðurgata 2, Skógargata 26 og Skógargata 24. Fimm hús voru svo byggð á tímabilinu 1920 til 1925 og því umsagnarskyld. Það eru eftirtalin hús: Suðurgata 22, Suðurgata 10, Suðurgata 3, Skógargata 24 og Suðurgata 5.




*Mynd 39. Friðuð hús (fjólublátt), umsagnarskyld hús (appelsíngul). Kort SUP, 2019.*

## 2.6 Hönnuðir

Það skortir nokkuð upplýsingar um hönnuði húsanna sem skráð voru. Oft á tíðum hafa smiðirnir sjálfir einnig verið hönnuðir þó við höfum ekki skjalfastar heimildir um það.

Talið er að **Guðmundur Sigurðsson** hafi teiknað Suðurgötu 18 (1945). Líklega er hér um að ræða Guðmund Sigurðsson (1902-1995) en hann fæddist á Holtsmúla í Skagafirði og var búsettur á Sauðárkróki. Hann var húsasmíðameistari og vann við fagið alla sína starfsævi.[28]

**Steindór Jónsson** teiknaði Suðurgötu 11. Hann smíðaði einnig Suðurgötu 20 (1926) og mögulega teiknaði hann húsið líka. Steindór (1879-1953) fæddist á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Hann hóf trésmíðanám hjá Þorsteini Sigurðssyni, smið á Sauðárkróki, kringum 1879 og lauk þar námi (sveinsbréf) árið 1900. „Starfaði hann um langt skeið að húsasmíðum á Sauðárkróki og víðar, m.a. stóð hann fyrir byggingu Sjúkrahússins á Sauðárkróki, sem byggt var skömmu eftir aldamótin." Hann gerðist síðar verslunarmaður og rak síðast byggingarvöruverslun á Sauðárkróki til dauðadags.[29]

[28] *Morgunblaðið*, 77. tölublað (01.04.1995), Blaðsíða 59.

[29] *Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1890-1910* III (1968), 296-297.

**Páll S. Jónsson** (1886-1965) var smiður á Sauðárkróki í upphafi 20. aldar. Hann teiknaði mörg hús á Sauðárkróki. Fluttist síðar til Siglufjarðar í kringum 1930 og gegndi þar stöðu byggingarfulltrúa og bæjarverkstjóra. Talið er að hann hafi teiknað Suðurgötu 22 (1920). Hann reisti einnig Suðurgötu 5 (1923) og ekki ólíklegt að hann hafi teiknað það sjálfur.

Kenningar eru uppi um að **Jónas Jónsson frá Syðri-Brekkum** hafi smíðað og jafnvel teiknað Suðurgötu 13B.[30] Jónas (1856-1941) sigldi ungur til trésmiðanáms í Kaupmannahöfn. Hann hlaut meistrararéttindi að námi loknu og stundaði iðn sína alla tíð með búströrfum. Jónas þótti listasmiður og var jafnan kallaður Jónas snikkari.[31]

**Stefán Guðmundsson** smiður teiknaði og var fyrsti eigandi Suðurgötu 8. Stefán (1932-2011) lauk Gagnfræðaprófi á Sauðárkróki 1949 og Iðnskólaprófi 1951. Var með sveinsbréf í húsasmíði 1956 og meistaraprófi 1959. Stofnaði ásamt fleirum trésmiðjuna Borg hf. á Sauðárkróki 1963 og var framkæmdastjóri hennar á tímabilinu 1963 til 1971 en þá gerðist hann framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Skagfirðinga sem hann sinnti til 1981. Stefán tók virkan þátt í bæjarpólitíkinni, var bæjarfulltrúi 1966 til 1982 og alþingismaður Norðurlands vestra frá 1979 til 1999 fyrir Framsóknarflokkinn.[32]

Mögulega hefur **Guðjón Samúelsson**, húsameistari ríkisins, komið að hönnun Suðurgötu 7 en enn á eftir að staðfesta þá kenningu. Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skipaði árið 1935 nefnd til að sinna undirbúningi og framkvæmd byggingar fyrir sýslubókasafn. „Var einróma álit sýslunefndarinnar að brýna nauðsyn bæri til, að byggja sem fyrst viðunandi hús yfir safnið þar sem húsnæði þess er í ljelgu timburhúsi og algerlega óviðunandi.“ Um tíma virðist hugmyndin hafa verið sú að byggja húsnæðið í samvinnu við U.M.F. Tindastól og þá sem viðbyggingu við Bifröst en þegar á hólminn var komið þá treysti félagið sér ekki í framkvæmdina. Á sama tíma hafði hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps beðið dómsmálaráðuneytið um að fangelsi yrði byggt á Sauðárkróki. Varð það úr að þessar tvær nefndir komust að samkomulagi um að sameina þessar tvær byggingar, fangelsi og bókasafn. Á neðri hæðinni skyldi vera bókasafn, biðstofa, lesstofa og fangelsi og á efri hæðinni skyldi vera íbúð „… er það nauðsynlegt vegna sambandsins við fangelsið …“ segir í greinargerð nefndarinnar. Í greinargerðinni segir enn fremur: „Höfum vér beðið ríkisstjórnina að láta húsameistara ríkisins gera teikningu og kostnaðaráætlun fyrir þessari byggingu alla og sent honum tillögur vorar, um fyrirkomulag hennar.“[33] Á þessum tíma var Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins. Guðjón (1887-1950) er „…fyrsti Íslendingurinn sem nemur byggingarlist að hefðbundnum hætti.“ Að loknu gagnfræðanámi og sveinsprófi í trésmíði hóf Guðjón nám í Fagurlistaskólanum í Kaupmannahöfn og var þar við nám til ársins 1915. Hélt þá heim en fór aftur út og lauk fullnaðarprófi árið 1919. Við heimkomuna til Íslands gerðist hann húsameistari ríkisins og sinnti því verkefni til dauðadags. „Guðjón Samúelsson vann umfangsmikið og merkt dagsverk á löngum starfsferli, teiknaði næstum hverja einustu opinbera byggingu í þrjá tugi ára, stjórnsetur, skóla, sjúkrahús, kirkjur og embættisbústaði.“[34]

---

[30] Árni Ragnarsson o.fl. (2014), 39.
[31] Gísli Magnússon (1978), 2.
[32] Stefán Guðmundsson. Alþingismannatal.
[33] HSk O-19 Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. B/7. Frá millifundarnefnd í byggingarmáli sýslubókasafnsins, dagsett 21. mars 1936.
[34] Hörður Ágústsson (1998), 344.

**Árni Ragnarsson** er hönnuður Suðurgötu 1 en það var byggt árið 1987. Árni er fæddur árið 1949 á Sauðárkróki. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1969, nám við Arkitektarskolen í Árósum, Danmörku 1970-1977. Lauk lokaprófi þaðan af skipulagsdeild árið 1977. Var við nám við Norræna sumarháskólann (NSU) 1978-1979 og við Nordplan í Stokkhólmi árið 1980. Árni vann hjá Skipulagi ríkisins á námsárunum og eftir að hann lauk námi. Var m. a. umdæmisarkitekt Norðurlands vestra með aðsetur á Sauðárkróki frá 1979 til 1983. Hóf rekstur á eigin vinnustofu árið 1983 og stofnaði Lendisskipulag hf. ásamt Páli Zóphóníassyni árið 1994. Árni hefur unnið að ýmsum skipulagsmálum í Skagafirði og hefur sett mark sitt á byggingar á Sauðárkróki, t.d. með endurbyggingu Skagfirðingabrautar 21 (ráðhús) og Suðurgötu (sýsluskrifstofur og lögreglustöð).[35]

**Sigurður Ólafur Kjartansson** hannaði Suðurgötu 12 sem er byggt 2004. Sigurður er fæddur 1946 og fékk leyfi sem byggingafræðingur árið 1976.

[35] Haraldur Helgason ritstjóri (1997), 160-161.

# 3 Heimildir

## 3.1 Útgefið efni


Stefán Guðmundsson. Alþingismannatal. Æviágrip þingmanna frá 1845. Sótt á https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=541 . Sótt 01.03.2019.

Ari Trausti Guðmundsson, Flosi Ólafsson (2003), *STEINUÐ HÚS Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Árni Ragnarsson, Áslaug Árnadóttir (2001), *Bæjar- og húsakönnun fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Sveitarfélagið Skagafjörður.

Guðmundur L. Hafsteinsson (2000), „Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970“, *Skrá yfir friðuð hús og hús í vörslu safna. Lög, reglugerðir og samþykktir. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu 1750-1970.* Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík, bls. 87-181.

Guðný Zoëga (2018), *Verndarsvæði í byggð – fornleifaskráning Sauðárkróks*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Haraldur Helgason ritstjóri (1997), *Arkitektatal*. Þjóðsaga, Reykjavík.

Hörður Ágústsson (1977), *Húsakönnun á Sauðárkróki*. Vantar útgefanda og útgáfustað.

Hörður Ágústsson (1998), *Íslensk byggingararfleið* I. *Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Jon Nordsteien (2007), *Gömul timburhús Útveggir, grind og klæðning*. 4. úgáfa. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Reykjavík.

Kålund, P. E. Kristian (1986), *Íslenzkir sögustaðir* III. *Norðlendingafjórðungur*. Íslenzk þýðing Haraldur Matthíasson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Kristmundur Bjarnason (1969), *Saga Sauðárkróks*. *Fyrri hluti. Fram til ársins 1907*. Sauðárkrókskaupstaður.

Ólafur Olavius (1964), *Ferðabók* I. *Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókafellsútgáfan hf., Reykjavík.

Hanna Rósa Sveinsdóttir (2016), *Akureyrarbær. Menntaskólinn á Akureyri og nærliggjandi íbúðarsvæði. Húsakönnun 2016*. Minjasafnið á Akureyri, Akureyrarbær, Akureyri.

Gísli Magnússon (1978), „Pétur L. Jónsson frá Syðri-Brekkum fyrrum hreppstjóri á Sauðárkróki“, *Íslendingaþættir Tímans*, 8. tölublað (01.04.1978), Bls. 2-3. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3574697

Páll V. Bjarnason (1993), „Saga steinsteyptra húsa á Íslandi“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 16. tölublað (01.05.1993), Bls. 4-5.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3310087

Pétur Sighvats (1997), „Hátíðarræða á hálfrar aldar kaupstaðarafmæli Sauðárkróks“, *Skagfirðingabók* 25. árgangur, 1. tölublað. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 32-45.

*Skagfirskar æviskrár. Tímabilið 1890-1910* III (1968). Sögufélag Skagfirðinga, vantar útgáfustað.

Sölvi Sveinsson (1977), „Samgöngur í Skagafirði 1874-1904“, *Skagfirðingabók* 8. árgangur, 1. tölublað. Sögufélag Skagfirðinga. Bls. 58-183.

Unnar Ingvarsson (2016), *Samfélagsumræða, samfélagsbreytingar og stjórnmálastarf í Skagafirði 1850-1940*. Ritgerð til MA-prófs við Háskóla Íslands.

*Morgunblaðið*, 15. tölublað (19.01.1997), Blaðsíða 32.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1870897

*Morgunblaðið*, 77. tölublað (01.04.1995), Blaðsíða 59.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1827108

*Morgunblaðið*, 36. tölublað (13.02.1992), Blaðsíða 18.
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1759456

## 3.2 Óútgefið efni

HSk (Héraðsskjalasafn Skagfirðinga) O-19 Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. B/7. Frá millifundarnefnd í byggingarmáli sýslubókasafnsins, dagsett 21. mars 1936.

HSk (Héraðsskjalasafn Skagfirðinga) IS-HSk-N00198-A-L-2. Fundargjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 1947-1959.

# 4 Húsaskráning samkvæmt skráningarformi Minjastofnunar Íslands




*Mynd 40. Uppdráttur af Sauðárkróki gerður 1920. Kort varðveitt hjá Landmælingum Íslands.*

**Byggingarár: 1928** Skógargata 22 Sigurhæðir

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Valsberg
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Sigurhæðir um 1950 - Mynd úr safni HSk



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfaltpappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1953 | Húsið hefur verið lengt til suðurs | |
| | Skorsteinn fjarlægður | |

## Saga

Húsið Sigurhæðir er byggt árið 1928 af Guðrbrandi Valsberg og Steinunni Stefánsdóttur. Húsið er steinsteypt á einni hæð með lágu risi. Það hefur tekið lítilvægum breytingum frá upprunalegri gerð. Var þó stækkað til suðurs árið 1953.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Lítið látlaust steinsteypuhús frá millistríðsárunum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Húsið stendur stakt á stalli í brekku en fellur ágætlega að umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsinu hefur ekki verið breytt mikið frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur varðveislugildi vegna umhverfisgildis og byggingarlistar. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1915** Skógargata 24 Melshús

Fyrsti eigandi: Pétur Hannesson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd frá um 1930. Melshús til vinstri á mynd. Úr



Mynd: ES júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Torf og timbur | Torf og timbur |
| Útveggir: | | Bárujárn |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Torf og timbur | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kvistir<br>Viðbygging |

**Helstu breytingar:**

2001 Húsið einangrað og klætt með bárujárni.

Torfþak fjarlægt.

Byggð hæð ofan á húsið og viðbygging til austur. Múrhúðað.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Melshús var byggt árið 1915 úr torfi og timbri, í húsinu var eitt íbúðarherbergi, eitt geymsluherbergi og vestan við húsið var gleymsluskúr með opnu eldstæði. Þak var úr timbri og torfi. Húsmynd þessari var hróflað upp úr Grundarkofunum gömlu (Jónsbæ). Hér átti Hálfdán Kristjánsson heima um skeið. Var byggingin þá stækkuð nokkuð og löguð og einnig síðar endurbætt. Á sömu lóð stóð annað hús sem hét Melur en aðeins hálfur metri var á milli Mels og Melshús en það hús hefur verið rifið. Eins og áður segir hefur húsið verið endurbyggt að öllu leyti þó viðir gamla hússins hafi verið notaðir að hluta til, en talið að torfveggir séu að öllu horfnir. Í dag er húsið ein hæð með porti og risi, stigagangur sem kemur upp í kvist að austanverðu. Um tíma var húsið forskalað en er nú bárujárnsklætt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Bárujárnsklætt timburhús sem fellur illa að einum ákveðnum byggingarstíl. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Húsið er í grunninn gamalt og er friðað samkvæmt lögum um menningarminjar. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið stendur sem bakhús en fellur vel að brekkunni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsinu hefur verið mikið breytt frá upprunalegri gerð. Líkur á að upprunalegt hús sé að mestu horfið. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Nýlega klætt og í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna aldurs og umhverfisgildis. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1922** Skógargata 24 Skúr við Skógargötu 24

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Geymsluskúr
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Skúrinn sést í vinstra horni. Mynd frá 1950 úr



Skúr í hægra horni. Mynd: ES ágúst 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Timbur | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Lítill timbur skúr sem stendur í brekkunni ofan við Skógargötu 24. Skúrinn var upphaflega notaður sem fiskhjallur en hefur síðar verið forskalaður. Skúrinn er með mænisþaki og er byggður árið 1922.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Lítill skúr sem felllur vel að byggingarstíl íbúðarhússins. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Gamall fiskhjallur en geymsluskúr í dag. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur vel að umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Upphaflega var skúrinn timburhjallur og hefur því tekið miklu breytingum. Forskalaður, settir gluggar o. fl. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Skúrinn er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lítill og látlaus geymsluskúr sem hefur tekið töluverðum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1901** Skógargata 26 Keta

Fyrsti eigandi: Hallgrímur Þorsteinsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið á broti úr yfirlitsmynd frá 1911-1912 úr safni



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Viðbygging<br>Útitröppur<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

2003 Húsið einangrað og klætt með láréttum panil.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið Keta er byggt 1901 af Hallgrími Þorsteinssyni organista. Húsinu hefur verið mikið breytt en upphaflega var það lágreist timburhús á einni hæð. Byggð hefur verið önnur bygging til vesturs og er hún áföst upphaflega húsinu sem hefur jafnframt verið lengt til vesturs. Um tíma var húsið forskalað en er í dag klætt með láréttum panil. Glugga og hurðagerð hefur tekið miklum breytingum og gluggum hefur ýmist verið fjölgað eða fækkað í gegnum tíðina. Á ljósmyndum af húsinu má sjá að þakgerð aðalhússins hefur jafnframt verið breytt og risið hækkað í samræmi við þak viðbyggingar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Lítið og látlaust timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur menningarsögulegt gildi vegna aldurs. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti sérstakrar götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur breyst mikið frá upprunalegri gerð, ris verið hækkað, klæðningu breytt, gluggum og hurðum breytt og fleira. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið hefur nýlega gengið í gegunm miklar endurbætur. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur varðveislugildi vegna aldurs og sem hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Hönnuður: Árni Ragnarsson

Upphafleg notkun: Þjónusta / Verslun
Núverandi notkun: Þjónusta



Suðurgata 1 í byggingu. Mynd úr safni HSk.



Suðurgata 1. Ljósm.: Sigfús Ingi Sigfússon, 2017.

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Kvistir | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris | | |

## Saga

Suðurgata 1 er steinsteypt hús á tveimur hæðum en bygging hófst árið 1987. Húsið var tekið formlega í notkun árið 1991. Húsið gegnir hlutverki banka, sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar, en áður var bókabúð í þeim hluta sem bankinn er í dag. Húsið hefur tekið litlum breytingum frá upphaflegri gerð. Áður stóð á lóðinni eitt sögufrægasta hús Sauðárkróks, Læknishúsið eða Lundur, byggt 1901, en það var flutt í Skógargötu árið 1985.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stórt steinsteypuhús sem erfitt er að fella að einum ákveðnum byggingarstíl. Nútímabygging. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Hefur hýst ýmsa starfsemi í gegnum tíðina. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er áberandi hluti götumyndar, fellur ágætlega að yngri húsum við Skagfirðingabraut en fellur illa að bæjarmynd gamla bæjarins. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur lítið breyst frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi og vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er áberandi hluti götumyndar, bæði við Suðurgötu og Skagfirðingabraut. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1908** Suðurgata 2 Sunnuhvoll

Fyrsti eigandi: Daníel Davíðsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið nýlega byggt. Mynd úr safni HSk



Mynd: ES júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, steinsteyptur | Hlaðið, steinsteyptur |
| Útveggir: | Múrsléttað | Trapisu-aluzink |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur, þakpappi og járn. | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|
| 1942 byggð hæð úr timbri ofan á húsið og það allt forskalað. Sett valmaþak. | |

## Saga

Húsið Sunnuhvoll við Suðurgötu 2 var byggt árið 1908 af Daníel Davíðssyni ljósmyndara. Húsið er hlaðið úr steyptum mótasteinum á steyptum kjallara, hið fyrsta sinnar gerðar á Sauðárkróki. Páll Friðriksson múrari frá Akureyri sá um múrverkið. Smiður hússins var Jónas Stefánsson en hann kom einnig frá Akureyri. Hér bjó Pétur Hannesson sem sat í hreppsnefnd og bæjarstjórn Sauðárkróks og var æskuheimili Hannesar Péturssonar, skálds.
Húsinu hefur verið breytt mikið frá upprunalegri gerð, byggð hæð ofan á húsið, það klætt með bárujárni, sett valmaþaki í stað mænisþaks og glugga- og hurðargerð breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Þær breytingar sem hafa átt sér stað á húsinu hafa afmáð það sérstæða listræna gildi sem húsið hafði í upphafi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Vegna aldurs og þeirrar ljósmyndara- starfsemi sem fram fór í húsinu snemma á síðustu öld. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Markar upphaf Suðurgötu í norðri og gegnir mikilvægu hlutverki í götumyndinni. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur tekið mjög miklum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað vegna aldurs og hefur jafnframt varðveislugildi vegna menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1923** Suðurgata 3 Sýslumannshús

Fyrsti eigandi: Sigurður Sigurðsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Skrifstofa og samkomuhús



Mynd tekin um 1960 úr safni KCM




Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft | Tvílyft |

**Helstu breytingar:**

Glugga og hurðagerð breytt ásamt afstöðu hurða.

Skorsteinn og þakgluggi fjarlægður.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Sýslumannshúsið við Suðurgötu 3 er steinsteypt, byggt árið 1925 af Sigurði Sigurðssyni sýslumanni. Í húsinu var sýsluskrifstofa á neðri hæð og íbúð sýslumanns á efri hæð fram til 1958 en þá var sýslumanns embættið flutt í nýtt hús við Víðigrund. Nú er húsið í eigu Framsóknarflokksins í Skagafirði og nýtir flokkurinn efri hæð hússins fyrir eigin starfsemi en neðri hæð hefur verið notuð fyrir ýmis konar starfsemi. Húsið hefur tekið vægum breytingum frá upphaflegri gerð, en meðal annars hefur glugga- og hurðagerð breyst, skorsteinn og þakgluggi verið fjarlægður og sett ný þakklæðning. Afstaða hurða hefur jafnframt tekið breytingum en útidyrahurðir voru bæði á suður og vesturvegg og hafa þær báðar verið fjarlægðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Stórt steinsteypuhús í ætt við funksjónalisma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Upprunalega heimili og skrifstofa sýslumanns en síðar hýst ýmsa starfsemi. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. Fellur ágætlega að umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Gluggagerð og afstaða hurða og glugga hafa helst breyst. Hefur haldið formi sínu að öðru leyti. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar og hefur haldið ágætlega upprunaleika sínum. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1923** Suðurgata 5 Árbakki

Fyrsti eigandi: Páll Jónsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Húsið á árunum 1931-34. Mynd úr safni HSk



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Steinblikk |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Reykháfur<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

1925 Byggt við húsið úr steini til austurs, gripahús.

1936 Húsið lengt til norðurs og settur auka gluggi á vesturhlið.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið Árbakki við Suðurgötu 5 er byggt árið 1923 úr timbri. Það var Páll S. Jónsson sem reisti húsið. Til stóð að steinsteypa alla bygginguna en vegna frosthörku þann veturinn var kjallarinn aðeins steyptur og húsið sjálft byggt úr timbri. Sauðá rann á þessum tíma austan við húsið og er þaðan dregið nafnið Árbakki. Árið 1925 keypti Ingimundur Bjarnason húsið og bjó þar með eiginkonu sinni Sveinsínu Bergsdóttur. Ingimundur starfrækti járnsmiðju í kjallaranum og byggði litla byggingu áfasta austan við húsið sem hýsti búfénað. Árbakki er því eitt af þeim húsum sem lýsir vel íbúðar- og atvinnuháttum handverksmanna á fyrri hluta aldarinnar. Eftir að Ingimundur og Sveinsína létust var Iðnaðarmannafélagi Sauðárkróks afhent húsið til eignar ásamt smiðjunni og áhöldum. Húsið átti að nýtast sem aðstöðuhús fyrir félagið og koma átti þar á iðnaðarsafni. Árbakki er nú í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Gott dæmi um timburhús á háum steyptum grunni. Var snemma klætt með hömruðu járni sem þykir fágætt. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af þeim húsum sem hýsti allt í senn, íbúa, búfénað og smiðju. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Snemma var húsið lengt til norðurs og það klætt með hömruðu járni. Síðar hefur glugga- og hurðagerð breyst |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið hefur staðið autt lengi og þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Húsið er umsagnarskylt vegna aldurs og hefur jafnframt varðveislugildi vegna menningarsögu. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1914** Suðurgata 6 Nes

Fyrsti eigandi: Árni Magnússon
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið árið 1928. Mynd úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Tvílyft<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

| | Helstu breytingar | Hönnuðir breytinga |
|---|---|---|
| 1929 | Byggt við húsið til vesturs, ein hæð með skúrþaki. | |
| 1937 | Byggð hæð ofan á viðbyggingu og valmaþak sett yfir allt húsið. | |

## Saga

Nes er steinsteypuhús byggt árið 1914 af Árna Magnússyni klæðskera frá Utanverðunesi. Húsið var steypt í föstum mótum og er talið annað elsta íbúðarhús þeirrar gerðar á Sauðárkróki. Húsinu hefur verið mikið breytt frá upphaflegri gerð, það hefur bæði verið lengti til vesturs og byggð ofan á það hæð með valmaþaki í stað mænisþaks. Glugga og hurðagerð hefur jafnframt tekið breytingum.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmigert tvílyft steinsteypuhús í anda funksjónalisma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Annað íbúðarhúsið á Sauðárkróki sem var steypt í föstum mótum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. Samsvarar sér ágætlega við nærliggjandi hús. |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur gjörbreyst frá upprunalegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Ytra byrði hússins er í þokkalegu ástandi en þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er friðað á grundvelli aldurs en breytingar hafa farið óblíðum höndum um húsið hvað varðar upprunaleika þess. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

Fyrsti eigandi: Skagafjarðarsýsla
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Bókhlaða og fangelsi
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd tekin um 1940. Úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Geiraris | | |
| Þakklæðning: | Járn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Reykháfur<br>Einlyft | Tvílyft<br>Viðbygging | | |

## Saga

Húsið við Suðurgötu 7 er byggt árið 1936. Húsið er steinsteypt af Hróbjarti Jónassyni múrarameistara. Fyrst um sinn gegndi húsið hlutverki bókhlöðu og fangageymslu en hefur á síðari árum verið notað til íbúðar. Ytra byrði hússins hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Gott dæmi um funksjónalisma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Húsið var fyrsta lögreglustöðin á Sauðárkróki ásamt því að hýsa bókhlöðu á efri hæð. Er í dag íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur tekið mjög litlum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er verið vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur varðveislugildi út frá byggingarlist og menningarsögu þess. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1956**

Suðurgata 8

Fyrsti eigandi: Stefán Guðmundsson
Hönnuður: Stefán Guðmundsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd frá 1956. Úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Hlaðið, steinsteyptur | Hlaðið, steinsteyptur | | |
| Útveggir: | | Hraunað | | |
| Þakgerð: | Geiraris | Geiraris | | |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Tvílyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Útskot (karnap)<br>Svalir | Tvílyft<br>Svalir<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið við Suðurgötu 8 er byggt árið 1956 af Stefáni Guðmundssyni smið. Húsið er á steyptum grunni og hlaðið úr steinsteyptum steinum. Húsið hefur tekið óverulegum breytingum frá upphaflegri gerð sinni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið er eina sinnar gerðar í götunni. Hlaðið á tveimur hæðum með sérstökum fjölpósta gluggum og geirarisi. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu, stendur aftar en húsin sitthvoru megin við það og er því minna áberandi. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið hefur tekið óverulegum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi út frá byggingarlist og upprunaleika. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1929** Suðurgata 9 Brekkur

Fyrsti eigandi: Jónas Jónasson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1950. Mynd úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Steining | Steining |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Portbyggt<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Kvistir<br>Svalir |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1980 | Breyttir þakkantar og byggður bílskúr. | Bragi Þór Haraldsson , Tæknifræðingur |
| | Svalir byggðar við suðurhlið hússins og sett svalahurð í stað glugga. | |

## Saga

Húsið Brekkur er byggt 1929 af feðgunum Pétri Jónassyni og Jónasi Jónassyni smið frá Syðri-Brekkum. Talið er líklegt að Jónas Jónasson hafi teiknað húsið ásamt Suðurgötu 16 og Suðurgötu 13b. Húsið er steinsteypt og í seinni tíð hefur múrinn verið steinaður. Byggðar hafa verið svalir við suðhliðina og sett svalahurð þar út. Húsið hefur að öðru leyti lítið breyst frá upphaflegri gerð. En byggður hefur verið bílskúr á lóðinni.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Portbyggt steinsteypu hús í timburhúsastíl. Ágætur fulltrúi þeirrar húsgerðar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur tekið nokkrum breytingum sem styrkja ekki upprunalegt útlit hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. Er vel viðhaldið. |

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ingimar Jóhansson
Hönnuður: Bragi Þór Haraldsson

Upphafleg notkun: Bílskúr
Núverandi notkun: Bílskúr



Mynd: ES ágúst 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Steinsteyptur bílskúr sem er byggður árið 1983. Skúrinn er 45 m2 með flötu þaki. Skúrinn er í góðu ástandi og vel við haldið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Einfaldur bílskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur aftar en íbúðarhús og fellur ágætlega að umhverfinu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur ekki tekið breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Skúrinn er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Einfaldur bílskúr sem fellur ágætlega að umhverfinu. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1925** Suðurgata 10 Snæfell

Fyrsti eigandi: Jón Þorsteinsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1930. Mynd úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur<br>Portbyggt | Einlyft<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2004 | Steyptur bílskúr 64,4 m2 | Árni Ragnarsson, Arkitekt |
| | Byggð forstofa, miðjukvistur stækkaður og sett svalahurð og | |

## Saga

Húsið Snæfell við Suðurgötu 10 er byggt árið 1925 af Jóni Þorsteinssyni. Húsið er steinsteypt, ein hæð með kjallara og risi. Upphaflega voru þrír jafnstórir kvistir á austurhlið þaksins en síðar var miðjukvisturinn stækkaður og sett á hann svalahurð. Forstofubygging var byggð úr frá miðri austurhlið og voru hafðar svalir þar á ofan. Bílskúr var reistur á lóðinni árið 2004.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Húsið er portbyggt steinsteypuhús í ætt við steinsteypu-klassísk með áberandi kvistum og sérstæðum rúðum í forstofubyggingu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Húsið er áberandi og mikilvægur hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Þær breytingar sem hafa verið gerðar hafa ekki rýrt útlit og yfirbragð hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur áberandi stíleinkenni og er mikilvægur hluti götumyndar. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 2005** Suðurgata 10 Bílskúr við Suðurgötu 10

Fyrsti eigandi: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson
Hönnuður: Árni Ragnarsson

Upphafleg notkun: Bílskúr
Núverandi notkun: Bílskúr



Mynd: ES ágúst 2018

| Gerð húss: | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útveggir: | Múrsléttað | Múrsléttað | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Stór bílskúr við Suðurgötu 10 byggður árið 2005. Steinsteyptur, 64,4 m2 að stærð með mænisþaki.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Steinsteyptur bílskúr, leitast hefur verið við að hafa stíl bílskúrsins í samræmi við íbúðarhúsið. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Bílskúr. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur sem bakhús við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur ekki verið breytt frá upphaflegri gerð |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Nýlegur og í þokkalegu ástandi. Ómálaður. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Steinsteyptur bílskúr sem stendur sem bakhús við Suðurgötu. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1927** Suðurgata 11 Glæsivellir

Fyrsti eigandi: Halldór Magnússon Vídalín
Hönnuður: Steindór Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Húsið um 1931-34. Mynd úr safni HSk.


Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, asfaltpappi og járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur<br>Kjallari | Einlyft<br>Kvistir<br>Portbyggt<br>Ris<br>Útitröppur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1999 | Viðbygging til austurs. Notað sem stigahús. | Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur |
| 1999 | Húsið klætt með láréttum panil og settir gluggar í upprunalegum stíl. | |

## Saga

Húsið Glæsivellir er byggt 1927 af Halldóri Vídalín. Steindór Jónsson teiknaði húsið. Glæsivellir er ein hæð og ris byggt úr timbri og stendur á háum steinsteyptum kjallara. Kvistur hefur verið byggður upp af útvegg á vestur hlið hússins og steinsteyptar tröppur framan á húsi hafa verið fjarlægðar og settar tröppur úr timbri þess í stað. Einnig hefur kjallari hússins verið klæddur með steniplötum og sett borðaklæðning á aðalhúsið, áður hafði það verið klætt með bárujárni. Byggt var stigahús austan við húsið árið 1999.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmigert timburhús á háum steinsteyptum kjallara. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu |
| Upprunalegt gildi: | Lágt | Húsið hefur tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð. Byggður kvistur að framan, stigagangur að aftan og húsið allt klætt. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem mikilvægur hluti götumyndar og sú húsgerð sem er mest ráðandi við götuna. |
| Verndarflokkar: | | |

Fyrsti eigandi: Steinn Ástvaldsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Geymsluskúr
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Mynd: SFA júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Geymsluskúr úr timbri, byggður árið 2014. 21,6 m2 að stærð með mænisþaki.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Lítill geymsluskúr úr timbri. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Geymsluskúr. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Fellur ágætlega að umhverfinu, er ekki áberandi séð frá götu. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Nýlega byggður og hefur ekki tekið breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lítill geymsluskúr úr timbri sem fellur ágætlega að umhverfinu. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1929** Suðurgata 11B Eiríksstaðir

Fyrsti eigandi: Gísli Ólafsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1931-34. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Ómúrað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfaltpappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Kjallari<br>Einlyft<br>Kvistir<br>Útitröppur<br>Ris |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2012 | Alsherjar endurbætur og kvistur upp af austurhlið hússins.<br>Húsið múrhúðað. | Magnús Ingvarsson, Byggingafræðingur |

## Saga

Húsið Eiríksstaðir er byggt 1929 af Gísla Ólafssyni hagyrðing en smiður hússins var líklega Kristján Eiríksson. Húsið er steinsteypt á háum kjallara, ein íbúðarhæð og ris. Árið 2012 var settur kvistur upp af útvegg á austurhlið og húsið allt endurbætt. Settir nýjir gluggar, hurðar og þakjárn.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Látlaust og einfalt steinsteypuhús frá millistríðsárunum. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Stendur stakt sem bakhús við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Settur hefur verið kvistur á austurhlið og gluggagerð og afstaða þeirra breyst. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýlega uppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Vel viðhaldið steinsteypuhús. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 2004**

Suðurgata 12

Fyrsti eigandi: Sveinn Einarsson
Hönnuður: Sigurður Kjartansson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd: SFA júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Húsið við Suðurgötu 12 er byggt árið 2004 eftir að húsið sem stóð áður á lóðinni brann. Einingahús úr timbri, íbúðarhús og bílskúr. Hefur ekki tekið breytingum frá upphaflegri gerð.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Nýlegt látlaust timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Nýlegt hús sem samsvarar sér ekki nógu vel við yfirbragð götunnar. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Húsið er nýlega byggt og hefur ekki tekið breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsið er í góðu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið er nýlegt og er vel við haldið. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1933** Suðurgata 13 Geitaberg

Fyrsti eigandi: Guðjón Gunnlaugsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Húsið um 1960. Mynd úr safni HSk.


Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Múrsléttað | Ál |
| Þakgerð: | Valmaþak | Valmaþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfalt pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Viðbygging<br>Reykháfur |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 2004 | Byggð bílageymsla og húsið allt klætt með álklæðningu | Guðmundur Þór Guðmundsson, Byggingafræðingur |

## Saga

Húsið Geitaberg er byggt árið 1933 af Guðjóni frá Vatnskoti í Hegranesi. Húsið er tvær hæðir, steinsteypt með valmaþaki. Árið 2004 var byggður við húsið áfastur bílskúr og skýli. Húsið hefur verið klætt með álklæðningu og gluggagerð verið breytt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Dæmigert tvílyft steinsteypuhús í anda funksjónalisma. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Markar upphaf götunnar í suðri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur haldið sér að forminu til en klætt með áli og bæði glugga- og hurðagerð breyst ásamt viðbyggingu til norðurs. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi sem mikilvægur hluti götumyndar. Snyrtilegt og vel við haldið hús. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1929** Suðurgata 13B Ásgarður

Fyrsti eigandi: Sveinn Friðriksson og Magnús Jónatansson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1990. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfaltpappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Viðbygging<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1991 | Viðbygging, stigahús/glerskáli við suðurhlið hússins. | Mikael Jóhannesson, |

## Saga

Húsið Ásgarður er byggt 1929 og talið er að Jónas Jónsson frá Syðri-Brekkum hafi teiknað og smíðað húsið. Húsinu hefur nokkuð verið breytt frá upphaflegri gerð. Steyptur stigi á vesturhlið verið fjarlægður og glerhýsi á tveimur hæðum byggt við suðurhlið hússins.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Timburhús á háum steinsteyptum grunni. Óvenjuleg viðbygging úr gleri við suðurhlið sem hæfir húsinu ekki vel. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Eitt af bak/hliðarhúsum við Suðurgötu, er þó áberandi þegar horft er inn götuna frá suðri. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur verið haldið vel í upprunaleikann að glerbyggingunni undanskildri. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Hefur varðveislugildi vegna umhverfisgildis og tæknilegs ástands. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1890** Suðurgata 14 Ártún

Fyrsti eigandi: Magnús Guðmundsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Húsið um 1920-30. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Viðbygging<br>Inngönguskúr (bíslag)<br>Portbyggt<br>Ris |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1919 | Byggður skúr áfastur við íbúðarhús. Anddyri, hesthús, hlaða og geymsla. | Kristján Sveinsson, |
| 2017 | Endurbygging. Húsið fært framar í götulínu og byggt við til vesturs | Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon, Arkitekt |

## Saga

Húsið Ártún er byggt um 1890 við Aðalgötu en var flutt í Suðurgötu árið 1919 af Kristjáni Sveinssyni. Magnús Guðmundsson verslunarmaður lét byggja húsið og var það nefnt Búðin eða Magnúsbúð. Ártún er timburhús á einni hæð með risi. Undanfarin ár hefur staðið vinna við endurbætur á húsinu en það hefur verið fært í upprunalega mynd en einnig verið byggt við það til vesturs og inngönguskúr á norðurhlið.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Húsið er vel heppnuð endurgerð á einu elsta húsi götunnar. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt elsta húsið við Suðurgötu og eitt þeirra húsa sem hafa verið flutt á milli staða á Sauðárkróki. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. Samsvarar sér ágætlega við nærliggjandi hús þó um mismunandi húsgerðir sé að ræða. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið endurbætt í upprunalegum stíl í samvinnu við Húsafriðunarsjóð |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Nýuppgert. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi út frá sjónarmiði aldurs og byggingarlistar. |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1928** Suðurgata 16 Árból

Fyrsti eigandi: Jón Guðmundsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1931-34. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Timbur |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfaltpappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Kjallari<br>Ris<br>Reykháfur | Einlyft<br>Kjallari<br>Viðbygging<br>Inngönguskúr (bíslag) |

| | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1987 | Viðbygging til norður og vesturs. Stækkun á íbúð og bílskúr/geymsla. | Árni Ragnarsson, Arkitekt |
| 2008 | Múrhúð fjarlægð, klætt með timbri. Gluggar í upprunalega gerð. Sett | Árni Ragnarsson, Arkitekt |
| 1963 | Timbur forskalað og útidyrahurð sett á austurhlið. | Jóhann Guðjónsson, |

## Saga

Húsið Árból er byggt árið 1928 af Jóni Guðmundssyni keyrara. Húsið er ein hæð á háum steyptum grunni, hæðin er byggð úr timbri en viðbygging sem var byggð 1988 er steinsteypt. Um tíma var húsið allt forskalað en nú er efri hluti hússins með láréttri viðarklæðningu.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Timburhús á háum steinsteyptum grunni. Seinni tíma viðbygging fellur vel að húsinu. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Góður fulltrúi húsa frá millistríðsárunum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu, samsvarar sér vel við nærliggjandi hús. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Haldið hefur verið í upprunaleika hússins í öllum endurbótum og þrátt fyrir viðbygginguna fellur hún ágætlega að húsinu. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu er vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Hefur varðveislugildi út frá menningarsögu, tæknilegs ástands og upprunalegs gildis. Kanna mætti með verndunarstöðu hússins. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1931** Suðurgata 18 Ljósborg

Fyrsti eigandi: Jens P. Eriksen
Hönnuður: Guðmundur Sigurðsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1950. Mynd úr safni HSk.



Mynd: ES júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og asfalt pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Tvílyft<br>Ris<br>Reykháfur | Tvílyft<br>Kvistir<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur |

**Helstu breytingar:**

Settur kvistur í þakflöt.

Afstaða glugga hefur breyst á norðurhlið.

Nýr gluggi á neðri hæð austurhliðar.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið Ljósborg er byggt 1931 af Jens P. Eriksen en nafn hússins er sótt til Ljósborg við Nordfjord í Noregi. Byggingarmeistari við húsið var Guðmundur Sigurðsson. Húsið er steinsteypt, tvær hæðir og ris. Húsið hefur haldið formi sínu að mestu leyti en gluggum hefur þó verið breytt að hluta og snemma var settur kvistur í þakflöt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Tveggja hæða steinsteypt hús í ætt við steinsteypu-klassík en með látlausara yfirbragð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Breytingar hafa verið gerðar á afstöðu og gerð glugga sem hafa rýrt upprunalegt gildi hússins. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið er í slæmu ástandi og þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur varðveislugildi sem hluti götumyndar. Viðeigandi viðhald gæti styrkt gildi hússins. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1936** Suðurgata 18B Ljósavatn

Fyrsti eigandi: Páll Stefánsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1950-60. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | Timbur | Steniklæðning |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) |
| Þakklæðning: | | Bárujárn |
| Undirstaða: | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft<br>Útitröppur<br>Kjallari |

| Helstu breytingar: | | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|
| 1973 | Viðbygging og breyting á gluggum og klæðningu. | Hjalti Guðmundsson, Smiður |

## Saga

Árið 1901 byggði Hallgrímur Þorsteinsson organisti ásamt fleirum, torfkofa í Suðurgötu. Torfkofinn reis á lóð þeirri sem kallast Suðurgata 18b í dag. Húsið sem nú stendur á lóðinni var byggt 1936 af Páli Stefánssyni og torfbærinn rifinn stuttu síðar. Samkvæmt fundargerðarbók byggingarnefndar átti íbúðarskúr þessi einungis að fá standa á lóðinni í 15 ár og átti þá að færast burtu, það var hinsvegar aldrei gert og stendur húsið enn. Núverandi húsbygging er úr timbri, ein hæð, kjallari og einhalla þak. Byggt hefur verið við húsið til suðurs og útitröppum verið breytt ásamt gluggagerð. Húsið er steniklætt.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Lítið steniklætt timburhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Lágt | Íbúðarhús. |
| Umhverfisgildi: | Lágt | Húsið er ekki hluti götumyndar heldur stendur þétt bakvið Suðurgötu 18 og hefur neikvæð áhrif á umhverfið. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur tekið nokkrum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Lágt | Húsið er í þokkalegu ástandi en fellur illa að umhverfinu og nærliggjandi húsum. |
| Verndarflokkar: | | |

**Byggingarár: 1926** Suðurgata 20 Klöruminni

Fyrsti eigandi: Margrét Ólafsdóttir
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Húsið um 1931-34. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útveggir: | Ómúrað | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn |
| Undirstaða: | Steinsteypt | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Portbyggt<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Ris<br>Útitröppur<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Viðbygging á einni hæð vestan við húsið.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið Klöruminni er byggt 1926 af Margréti Ólafsdóttur. Smiður var Steindór Jónsson. Húsið dregur nafn sitt af dóttur Margrétar, Klöru, sem dó ung. Húsið er steinsteypt á háum kjallara, hæð með porti og risi. Viðbygging á einni hæð vestan við hús kom síðar.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Portbyggt steinsteypuhús í ætt við steinsteypu-klassík þó með látlausara yfirbragð. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Góður fulltrúi steinsteyptra húsa frá millistríðsárunum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu og samsvarar sér vel við nærliggjandi hús. |
| Upprunalegt gildi: | Hátt | Hefur verið lítið breytt að forminu til utan við viðbyggingu að aftan. Hún rýrir þó ekki gildi þess. |
| Tæknilegt ástand: | Hátt | Húsinu hefur verið vel viðhaldið. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Húsið hefur varðveislugildi vegna upprunaleika og sem hluti götumyndar. |

Verndarflokkar:

**Byggingarár: 1920** Suðurgata 22 Vindheimar

Fyrsti eigandi: Stefán Hannesson
Hönnuður: Páll S. Jónsson

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð


Húsið um 1950-60. Mynd úr safni HSk.


Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: |
|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur |
| Útveggir: | | Múrsléttað |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak |
| Þakklæðning: | Timbur og pappi | Bárujárn |
| Undirstaða: | | Steinsteypt |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kjallari<br>Reykháfur | Einlyft<br>Reykháfur<br>Útitröppur<br>Kjallari |

**Helstu breytingar:**

Húsið stækkað til vesturs.

**Hönnuðir breytinga:**

## Saga

Húsið Vindheimar er byggt 1920 af Stefáni Hannessyni, gæslumanni Sýsluhesthússins. Smiður var Páll Jónsson. Vindheimar er steinsteypt, kjallari og ein hæð með lágu risi. Húsið hefur verið stækkað til vesturs en óvíst er hvenær sú breyting hefur átt sér stað.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Miðlungs | Lágreist steinsteypuhús. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Gott dæmi um hús sem risu á millistríðsárunum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Hluti götumyndar við Suðurgötu. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Byggt við húsið til vesturs og þakið því ósamhverft. |
| Tæknilegt ástand: | Miðlungs | Húsið er í þokkalegu ástandi. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Lítið og látlaust steinsteypuhús. Gott dæmi um hús sem risu á millistríðsárunum. |
| Verndarflokkar: | Umsagnarskyld hús - appelsínugulur litur á korti | |

**Byggingarár: 1884** Suðurgata 24 Árbær

Fyrsti eigandi: Einar á Sauðá
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Frístundir/sumarhús



Húsið um 1950-60. Mynd úr safni HSk.



Mynd: SFA júní 2018

## Gerð húss:

| | Upphafleg: | Núverandi: | Helstu breytingar: | Hönnuðir breytinga: |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Timbur | Steinblikk | | |
| Þakgerð: | Mænisþak | Mænisþak | | |
| Þakklæðning: | Timbur, pappi og járn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | Hlaðin úr hraungrýti/grjóti | Steinsteypt | | |
| Útlit: | Einlyft<br>Ris<br>Kvistir<br>Reykháfur<br>Portbyggt | Einlyft<br>Portbyggt<br>Ris<br>Reykháfur<br>Útitröppur | | |

## Saga

Húsið Árbær er byggt 1884 við Aðalgötu af Einari á Sauðá og er talið fyrsta húsið sem er byggt að öllu leyti á Sauðárkróki. Yfirsmiður var Þorsteinn Sigurðsson, kirkjusmiður. Húsið var kallað Einarshús þegar það stóð við Aðalgötu en það stóð á milli Kaupangs og Uppsala (Aðalgötu 21 og 21b). Árið 1934 var húsið flutt en þá stóð til að byggja mjólkursamlag á lóð hússins. Húsið var þá dregið á veltandi staurum suður Aðalgötu og Suðurgötu en flutningi hússins stjórnaði Guðmundur Sigurðsson. Árbær er timburhús á steyptum grunni, ein hæð með porti og risi og einnar hæðar steypt viðbygging að aftan. Húsið hefur verið klætt með steinblikki og gluggagerð breyst, það hefur þó haldið formi sínu að öðru leyti.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Hátt | Ágætur fulltrúi dansk-íslenskra gerðar yngri, klætt með hömruðu járni. |
| Menningarsögulegt gildi: | Hátt | Eitt af elstu húsum bæjarins, stóð áður í Aðalgötu en var flutt í heilu lagi á staurum á Suðurgötu. |
| Umhverfisgildi: | Hátt | Markar upphaf Suðurgötu í suðri, fellur vel að nöfunum. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Húsið hefur haldið sér að forminu til en gluggagerð hefur breyst og rýrir sú gerð gildi þess töluvert. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Húsið þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Hátt | Eitt af elstu húsum bæjarins og talið vera fyrsta húsið sem var byggt hér að öllu leyti en ekki notast við innflutta tilsniðna viði |
| Verndarflokkar: | Friðuð hús - fjólublár litur á korti | |

**Byggingarár: 1940** Suðurgata 24 Skúr við Suðurgötu 24

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Geymsluskúr
Núverandi notkun: Geymsluskúr



Skúrinn nýlega byggður - Mynd: HSk KCM2117



Mynd: SFA júní 2018

| **Gerð húss:** | **Upphafleg:** | **Núverandi:** | **Helstu breytingar:** | **Hönnuðir breytinga:** |
|---|---|---|---|---|
| Byggingarefni: | Timbur | Timbur | | |
| Útveggir: | Timbur | Timbur | | |
| Þakgerð: | Einhalla (skúrþak) | Einhalla (skúrþak) | | |
| Þakklæðning: | Bárujárn | Bárujárn | | |
| Undirstaða: | | | | |
| Útlit: | Einlyft | Einlyft | | |

## Saga

Lítill geymsluskúr sem stendur undir brekkunni á bakvið Suðurgötu 24. Skúrinn er 20 m2 að stærð, byggður árið 1940 úr timbri.

## Varðveislumat:

| | | |
|---|---|---|
| Listrænt gildi / Byggingarlist: | Lágt | Látlaus timburskúr. |
| Menningarsögulegt gildi: | Miðlungs | Ágætt dæmi um skúrbyggingu frá miðri síðustu öld. Fáir sambærilegir skúrar standa eftir í gamla bæjarhlutanum. |
| Umhverfisgildi: | Miðlungs | Skúrinn fellur ágætlega að umhverfinu þar sem hann stendur undir brekkunni. |
| Upprunalegt gildi: | Miðlungs | Hefur ekki tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð. |
| Tæknilegt ástand: | Lágt | Þarfnast viðhalds. |
| **Varðveislugildi:** | Miðlungs | Timburskúr sem þarfnast viðhalds. En fengi hann viðeigandi viðhald myndi það styrkja varðveislugildi hans til muna |
| Verndarflokkar: | | |



HÉRAÐSSKJALASAFN
SKAGFIRÐINGA

2019